

# Verkefnisstjóri félagsmiðstöðvar ungmenna

Viltu taka þátt í að móta og efla gott starf í félagsmiðstöð ungmenna sem á Dalvík?

Auglýst er nýtt starf verkefnisstjóra í félagsmiðstöðinni Pleizinu á Dalvík. Um er að ræða 100% starfshlutfall en mögulegt er að hafa það minna, sé þess óskað. Viðkomandi ber ábyrgð á öllu félags- og hópastarfi félagsmiðstöðvarinnar. Lögð er mikil áhersla á góða samvinnu við alla hagsmunaaðila s.s. Grunn-skóla Dalvíkurbyggðar.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýstist í starfi
- Reynsla og áhugi á starfi með börnum og ungmennum
- Metnaður, frumkvæði og þörf til að ná árangri
- Góð tölvuþekking og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð

Frekari upplýsingar er að fá hjá Bjarna Gunnarssyni íþróttar- og æskulýðsfulltrúa í síma 460-4913 eða á [bjarni@dalvik.is](mailto:bjarni@dalvik.is) eða Hildi Ösp Gylfadóttur sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs í síma 460-4916 eða [hildur@dalvik.is](mailto:hildur@dalvik.is) Vakin er athygli að á heimasíðu Dalvíkurbyggðar, [www.dalvik.is](http://www.dalvik.is) er að finna frekari upplýsingar um starfið.

Umsóknir og ferilskrár skulu sendast rafrænt og verður móttaka umsókna staðfest.

## Umsóknarfrestur um öll störf er til og með 23. júní.

Dalvíkurbyggð er sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð, um 40 km. norðan við Akureyri en í sveitarfélaginu búa tæplega 2000 íbúar. Þrátt fyrir að sveitarfélagið sé ekki stórt er þar veitt metnaðarfull þjónusta við íbúa þess. Þar má nefna: Framsækna grunn- og leikskóla, öflugt menningarlíf og fjölbreytta möguleika til íþróttaiðkunar og útivistar og verður m.a. ný íþróttamiðstöð vígð á haustdögum. Sjá nánar um sveitarfélagið á [www.dalvik.is](http://www.dalvik.is)

# Störf í íþróttamiðstöð

Okkar vantar starfsmenn í nýja og glæsilega íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar

Auglýst er eftir starfsmönnum í vaktavinnu við íþróttamiðstöð á Dalvík frá og með hausti. Möguleiki er á 100% stöðu en einnig hlutastarfi. Starfið felur m.a. í sér móttöku gesta, afgreiðslu og sölu, öryggisgæslu í sundlaug og íþróttasal, baðvörslu, þrif og aðra almenna þjónustu við gesti íþróttamiðstöðvarinnar t.d. að veita upplýsingar um Dalvíkurbyggð og nágrenni til ferðamanna. Starfsfólk sér um tjaldsvæði Dalvíkur á sumrin.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Áhugi og reynsla af sambærilegum störfum svo og störfum með börnum og ungmennum
- Sjálfstæði, skipulagshæfni, drifkraftur og frumkvæði
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Hreint sakavottorð
- Gott líkamsástand en umsækjendur þurfa að hafa, eða vera tilbúnir að taka skyndihjálparpróf og standast hæfnispróf sundstaða

Laun eru skv. samningi launaneftndar sveitarfélaga og Kjalar, stéttarfélags í almannathjónustu.

Frekari upplýsingar er að fá hjá Bjarna Gunnarssyni íþróttar- og æskulýðsfulltrúa í síma 460-4913 eða í tölvupósti [bjarni@dalvik.is](mailto:bjarni@dalvik.is). Umsóknir og ferilskrár skulu sendast rafrænt og verður móttaka umsókna staðfest.

# Leikskólinn Leikbær óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa

Ertu frábær og frjór?

Leikbær er staðsettur í Árskógi sem er í um 10 km fjarlægð frá Dalvík og 35 km frá Akureyri. Umhverfi skólans er einstakt, mikil nálægð er við náttúru og sveit. Lögð er áhersla á útikennslu og fjölmennningarlega kennslu. Einnig tekur leikskólinn m.a. þátt í þróunarverkefnum leikskólalæsi. Í leikskólanum er ein aldursblönduð deild. Eru nemendur á aldrinum 9 mánaða til 6 ára.

## Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og rík þörf til að ná árangri
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð

Upplýsingar veitir leikskólastjóri, Gitta U. Ármannsdóttir í síma 4661971. Umsókn ber að skila til Leikbæjar eða á netfangið [leikbaer@dalvik.is](mailto:leikbaer@dalvik.is) og verður móttaka staðfest. Hægt er að sjá nánari upplýsingar um skólann á slóðinni <http://leikbaer.dalvik.is/> Frá hvaða tíma ráðið er í stöðuna er samkomulagsatriði.

DALVÍKURBYGGÐ

